

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík 6. maí 2015
UST201504-127/A.B.B.
04.05

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026, 689. mál – þingskj. 1163

Vísað er erindis nefndasviðs Alþingis til Umhverfisstofnunar, dags. 22. apríl 2015, þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026, 689. mál – þingskj. 1163.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulagsstefnan verður sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi verði hún samþykkt. Umhverfisstofnun fagnar því að slík stefna sé lögð fram en gerir þó eftirfarandi athugasemdir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að viðhaldið sér sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins. Eitt af meginеinkenum svæðisins eru ósnortin víðerni sem skilgreind hafa verið á eftirfarandi hátt í gildandi lögum um náttúruvernd nr. 44/1999:

Ósnortið víðerni: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og hjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.

Um óbyggð víðerni er fjallað í samþykktum lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, en þau hafa ekki tekið gildi. Umhverfisstofnun bendir á að þegar um er að ræða ósnortin víðerni þá er mikilvægt að ekki er hægt að bæði nýta þau með framkvæmdum og mannvirkjum og njóta þeirra sem ósnortinna víðerna. Um leið og ósnortið víðerni hefur verið skert með mannvirkjagerð eða öðrum hætti sem fer í bága við skilgreiningu þess í lögum um náttúruvernd, þá getur það ekki lengur talist vera ósnortið. Um er að ræða fjölbjóðlegt hugtak sem nýtur verndar með sérstökum hætti víðast hvar. Slík svæði eru orðin fágæt í Evrópu og verða æ verðmætari auðlind. Umhverfisstofnun telur að landsskipulagsstefna eigi að kappkosta við að vernda ósnortin víðerni hérlendis í stað þess að merking þeirra eða inntak verði

óljósara. Orðalag um svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð. og að mannvirki og umferð eigi að hafa lágmarksáhrif á víðerni er óljóst og háð mati hverju sinni.

Í þingsályktunartillögum eru orðin „víðerni“ og „verndarheildir“ notuð á mörgum stöðum, að því er virðist sem sama andlag. Umhverfisstofnun leggur áherslu á orðnotkun sé í samræmi við lög um náttúruvernd þar sem kemur fyrir skilgreining á hvað sé „ósnortið víðerni“ og einkenni þess.

Í þingsályktunartillögum er miðað er við að fjarlægð frá mannvirkjum og vegum o.fl. sé a.m.k. 2,5 km frá „verndarheild“ en í gildandi lögum um náttúruvernd er miðað við a.m.k. 5 km fjarlægð frá mörkum hins ósnortna víðernis. Hér er því ósamræmi bæði varðandi notkun hugtaka og inntaks þeirra, og ósamræmi varðandi fjarlægðir frá mannvirkjum, sem er eitt megininntak hugtaksins ósnortins víðernis.

Það virðist því ekki liggja sama merking að baki hugtaksins um „víðerni“ og „verndarheild“ í þingsályktuninni og „ósnortin víðerni“ í náttúruverndarlögum. Það telur stofnunin að þurfi að leiðrétta. Eðlilegt er að notast sé við hugtökin ósnortin víðerni eða óbyggð víðerni sbr. náttúruverndarlög, og eðlilegt er að landsskipulagsstefnan uppfylli ákvæði náttúruverndarlaga um það verndargildi sem ósnortin víðerni skulu njóta.

Virðingarfyllt



Áðalbjörg Birna Guttormsdóttir
teymisstjóri



Agnar Bragi Bragason
lögfræðingur

